

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2005

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var 34,1 milljarðs króna halli á viðskiptum við útlönd á öðrum fjórðungi ársins. Á fyrri helmingi ársins var viðskiptahallinn 65 milljarðar króna sem er mun meiri halli en á fyrra ári er hann var 33,9 milljarðar króna. Útflutningur vöru og þjónustu var 11,5% meiri á fyrri árshelmingi 2005 en á sama tímabili í fyrra en innflutningur var um 30,2% meiri reiknað á föstu gengi¹. Hallinn á þáttatekjum (laun, vextir og arður af fjárfestingu) og hreinum rekstrarframlögum var 9,7 milljarðar króna á fyrri árshelmingi 2005 og hafði aukist um 1,2 milljarða króna frá sama tímabili í fyrra.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Apríl - júní</i>		<i>Janúar - júní</i>	
	<i>2004</i>	<i>2005</i>	<i>2004</i>	<i>2005</i>
Viðskiptajöfnuður	-20,7	-34,1	-33,9	-65,0
Útflutningur vöru og þjónustu	75,0	81,2	147,9	150,6
Innflutningur vöru og þjónustu	-94,2	-112,3	-173,2	-205,9
Þáttatekjur og framlög, nettó	-1,5	-3,0	-8,5	-9,7
Fjármagnsjöfnuður	40,7	53,3	52,6	165,0
Hreyfingar án forða	43,7	54,0	63,2	162,5
Erlendar eignir, nettó	-88,7	-421,3	-165,3	-507,5
Erlendar skuldir, nettó	132,4	475,3	228,5	670,0
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-2,9	-0,2	-10,4	3,4
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	<i>-20,0</i>	<i>-19,2</i>	<i>-18,8</i>	<i>-99,9</i>

Hreint fjárinnstreymi var 165 milljarðar króna á fyrri árshelmingi 2005. Það skýrist að stærstum hluta af miklum erlendum lántökum í formi skuldabréfaútgáfu og bankalána, en fjárinnstreymi vegna kaupa erlendra aðila á verðbréfum útgefnum á Íslandi mælist lítið það sem af er þessu ári. Fjárútsstreymi vegna kaupa Íslendinga á erlendum verðbréfum nam 35,8 milljörðum króna en bein fjárfesting Íslendinga erlendis jókst mikið á fyrri hluta ársins og nam 136,3 milljörðum króna. Þó teljast kaup Bakkavarar Group hf. á matvælafyrirtæki í Bretlandi ekki til beinna fjárfestinga innlendra aðila erlendis þar sem fjárfestingin er gerð í nafni dótturfyrirtækis þeirra í London. Erlent sambankalán sem tekið var til kaupanna telst því ekki með erlendum

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 8,7% lægri á fyrri árshelmingi 2005 en á sama tímabili árið áður.

skuldum þjóðarbúsins. Þá var mikið fjárústreymi vegna annarrar eignamyndunar í útlöndum, bæði vegna útlána og aukinna innstæðna innlendra banka erlendis. Gjaldeyrisforði Seðlabankans var 62,4 milljarðar króna í júnílok og hafði minnkað frá ársbyrjun um 3,4 milljarða króna vegna endurgreiðslna af erlendum lánum ríkissjóðs.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 905,7 milljörða króna í lok júní 2005 og hafði hækkað um 255 milljarða króna frá ársbyrjun. Þessi hækkun verður ekki að fullu skýrð með viðskiptahalla né verðbreytingum því skekkjuliður greiðslujafnaðar var neikvæður um 100 milljarða króna á fyrri árs helmingi 2005. Mestur hluti skekkjunnar kom fram á fyrsta fjórðungi ársins, sbr. frétt bankans 3. júní sl. Skekkjuliðurinn minnkaði nokkuð við endurskoðun greiðslujafnaðar á fyrsta ársfjórðungi. Nýjar upplýsingar lækkuðu innflutta þjónustu um 2,5 milljarða króna en hækkuðu vöruinnflutning um 4 milljarða króna.

Meðfylgjandi töfluyfirlit sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á árinu 2005 ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára þar sem beinar fjárfestingar og tekjur af þeim hafa verið leiðréttar með nýjum upplýsingum.

Mánudaginn 5. september n.k. birtast töfluyfirlit um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu í hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans (www.sedlabanki.is). Einnig birtist yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfraeðisviði Seðlabankans í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Apríl - júní		Janúar - júní		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2004	2005	2004	2005	
Viðskiptajöfnuður	-20.687	-34.120	-33.872	-65.040	
Útflutningur vöru og þjónustu	74.970	81.198	147.885	150.588	11,5%
Innflutningur vöru og þjónustu	-94.166	-112.281	-173.222	-205.912	30,2%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-1.491	-3.037	-8.535	-9.716	24,6%
Vöruskiptajöfnuður	-13.636	-20.955	-13.888	-36.271	
Útfluttar vörur, f.o.b.	47.845	51.860	99.120	98.548	8,9%
Innfluttar vörur, f.o.b.	-61.481	-72.815	-113.008	-134.819	30,6%
Þjónustujöfnuður	-5.560	-10.128	-11.449	-19.053	
Útflutt þjónusta, alls	27.125	29.338	48.765	52.040	16,8%
Samgöngur	14.521	17.054	26.552	29.860	23,1%
Ferðalög	6.020	5.796	9.395	9.033	5,3%
Önnur þjónusta	6.584	6.488	12.818	13.147	12,3%
Innflutt þjónusta	-32.685	-39.466	-60.214	-71.093	29,3%
Samgöngur	-11.885	-14.559	-22.928	-26.585	27,0%
Ferðalög	-12.501	-15.494	-21.650	-26.794	35,5%
Önnur þjónusta	-8.299	-9.413	-15.636	-17.714	24,0%
Þáttatekjur, nettó	-1.160	-2.740	-7.869	-9.227	
Tekjur	12.980	20.192	18.123	32.163	94,3%
Laun	1.231	922	2.765	1.946	-22,9%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	11.749	19.270	15.358	30.217	115,4%
Gjöld	-14.140	-22.932	-25.992	-41.390	74,4%
Laun	-164	-284	-393	-490	36,5%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	-13.976	-22.648	-25.599	-40.900	74,9%
Rekstrarframlög	-331	-297	-666	-489	
Fjármagnsjöfnuður	40.678	53.289	52.644	164.981	
Fjárframlög, nettó	-201	-499	-170	-873	
Fjármagnshreyfingar ³	40.879	53.788	52.814	165.854	
Hreyfingar án forða	43.736	54.028	63.183	162.486	
Bein fjárfesting, nettó	-20.158	-99.580	-36.970	-120.856	
Innlendir aðilar erlendis	-22.833	-108.354	-48.654	-136.258	
Erlendir aðilar á Íslandi	2.675	8.774	11.684	15.402	
Verðbréfavíðskipti, nettó	62.961	340.317	167.204	514.965	
Erlend verðbréf	-9.494	-25.414	-34.092	-35.787	
Hlutafé	-8.079	-22.459	-32.015	-30.920	
Skuldaskjöl	-1.415	-2.955	-2.077	-4.867	
Innlend verðbréf	72.455	365.731	201.296	550.752	
Hlutafé	-982	-311	-1.457	-2.419	
Skuldaskjöl	73.437	366.042	202.753	553.171	
Annað fjármagn, nettó	933	-186.709	-67.051	-231.623	
Eignir	-56.345	-287.523	-82.597	-335.438	
Skuldir	57.278	100.814	15.546	103.815	
Gjaldeyrisforði	-2.857	-240	-10.369	3.368	
Skekkjur og vantalið	-19.991	-19.169	-18.772	-99.941	
Gengisvísitala (1994 = 100)	105,0	95,4	103,8	94,8	-8,7%

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjáruútreymi vegna eignaaaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	2002	2003	2004	<i>Mars *</i> 2005	<i>Júní *</i> 2005
I. Erlendar eignir, alls	409,3	708,2	1.133,9	1.156,4	1.553,2
1 Bein fjárfesting erlendis	101,2	122,5	255,2	259,3	323,1
11 Eigið fjármagn	82,3	110,5	218,0	229,5	279,6
12 Lán til tengdra félaga	18,9	12,1	37,1	29,8	43,5
2 Erlend markaðsverðbréf	159,7	262,3	344,4	340,8	376,2
21 Hlutfé	149,3	239,2	316,5	307,7	340,4
22 Skuldaskjöl	10,4	23,1	27,9	33,0	35,8
221 Skuldabréf	9,6	22,7	27,8	32,8	35,7
222 Peningabréf	0,8	0,4	0,2	0,2	0,2
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	111,2	265,2	468,7	496,8	791,4
5 Gjaldeyrisforði	37,2	58,1	65,6	59,5	62,4
II. Erlendar skuldir, alls	989,2	1.259,0	1.814,8	1.974,3	2.458,9
1 Bein fjárfesting á Íslandi	64,3	84,6	110,7	123,3	122,9
11 Eigið fjármagn	56,1	61,8	97,2	110,2	110,2
12 Lán frá tengdum félögum	8,2	22,8	13,5	13,1	12,7
2 Innlend markaðsverðbréf	490,3	776,2	1.302,2	1.460,8	1.835,5
21 Hlutfé	35,9	42,6	86,5	106,7	112,3
22 Skuldaskjöl	454,4	733,6	1.215,7	1.354,0	1.723,2
221 Skuldabréf	389,7	611,1	1.082,6	1.256,4	1.593,6
222 Peningabréf	64,7	122,5	133,0	97,6	129,6
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	434,6	398,3	402,0	390,3	500,6
41 Löng lán	296,2	252,0	206,7	205,8	223,1
42 Skammtímaskuldir	138,4	146,3	195,3	184,5	277,5
III. Hrein staða við útlönd	-579,9	-550,8	-680,9	-817,9	-905,7
1. Áhættufjármagn, nettó	150,3	234,5	374,6	337,0	428,4
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-730,2	-785,3	-1.055,5	-1.154,9	-1.334,1
21 Seðlabankinn	20,8	58,1	65,5	59,3	62,2
22 Hið opinbera	-227,2	-213,7	-205,8	-190,5	-188,2
23 Innlánsstofnanir	-361,8	-471,1	-778,2	-900,5	-1.044,6
24 Aðrir geirar	-162,0	-158,6	-136,9	-123,3	-163,5
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	80,58	70,99	61,04	60,58	64,56
IV. Skuldahlutföll, % af VLF: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-81,6	-70,2	-86,6	-86,2	-91,8
12 Hrein skuldastaða ²	102,7	100,1	134,3	121,7	135,3
13 Erlend skuldastaða ³	125,1	144,3	205,8	183,9	225,5
131 þ.a. langtímaskuldir	96,5	110,0	164,0	154,1	184,2

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.